

362. fundur Skólanefndar FS

11. janúar 2023



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Trausti Einarsson, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Logi Þór Ágústsson áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan við upphaf annar.
 2. Ytra mat, drög að matsskýrslu.
 3. Önnur mál.

1. Staðan við upphaf annar.

Skólameistari sagði frá stöðunni við upphaf vorannar. Elsa Þóra Eggertsdóttir hefur verið ráðinn kennari í tréiðnum og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir í hálf starf félagsráðgjafa. Búið er að auglýsa eftir stuðningsfulltrúa á starfsbraut. Enn er verið að óska eftir þjónustu HSS fyrir nemendur skólans en þar hefur strandað á manneklu. Nemendur í dagskóla eru um 900 og um 100 grunnskólanemendur stunda nám í einstaka áföngum. Niðurskurður á fjárlögum mun einkum hafa áhrif á innritun nemenda í haust en þá verður ekki hægt að taka við öllum sem sækja um. Skólameistari sagði einnig frá búnaðarkaupum, viðhaldi á húsnæði, fyrirhuguðu útboði á ræstingum og undirbúningi að stofnun FabLab-smiðju.

2. Ytra mat, drög að matsskýrslu.

Rætt um drög að matsskýrslu sem kom í kjölfar ytra mats sem var gert á haustönninni. Búið er að senda inn athugasemdir og leiðréttingar en lokaskýrsla hefur enn ekki borist. Þegar hún hefur borist þarf að gera umbótaáætlun sem verður skilað til ráðuneytis.


CV.
EJP
GILV
BPT
LPA

3. Önnur mál.
a) Logi Þór formaður NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Bjarni Páll Tryggvason, formaður


Einar Trausti Einarsson


Einar Jón Pálsson


Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Logi Þór Agústsson


Guðlaug María Lewis


Kristján Asmundsson, skólameistari


Guðmann Kristþórsson, fundarritari